

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/143
komudagur 8.11.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
c/o Kristján Möller formaður

Varðandi 42.mál:

„tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013“

Þingsályktunartillaga um byggðaáætlun liggur nú aftur fyrir iðnaðarnefnd og tel ég nauðsynlegt að vekja athygli nefndarmanna á mikilvægu atriði sem þar mætti betur fara.

Í þingsályktun „um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009“ var að finna þrjú meginatriði og var þetta hið fyrsta þeirra:

„Að landshlutakjarnar verði eflidir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun“.

Í þeirri tillögu sem nú er til meðferðar er ekki að finna neitt hliðstætt verndarákvæði varðandi veikustu byggðir landsins. Hlýtur það að teljast gölluð byggðaáætlun sem ekki er ætlað að stuðla að viðhaldi byggðar á stöðum sem glíma við tímabundna erfiðleika sökum atvinnulegra eða náttúrulegra áfalla en eru að öllu jöfnu vel til búsetu fallnir og mikilvægir í efnahagslegri og samfélagslegri velferð þjóðarinnar. Eftirfarandi tilvik sýna mikilvægi vandaðrar meginstefnu stjórnvalda í þessum efnum:

Íslandspóstur hf hefur nú tekið þá stefnu að skerða pósthjónustu við afskekktustu byggðir landsins, og þær sem höllustum fæti standa. Þar er ekki tekið neitt tillit til byggðahagsmuna eða jafnræðis heldur ræður einber arðsemiskrafa för hjá þessu einkafyrirtæki ríkisins. Vegagerðin hefur einhliða breytt flokkun vega að þeim byggðum bæjum sem fjarlægastir eru og skert verulega viðhald og þjónustu við þá. (Um þetta vitna nýleg dæmi sem varða viðkvæmar jadarbyggðir í Vesturbyggð og á Snæfellsnesi; sjá m.a. umfjöllun í Bændablaðinu 4.nóv.2010).

Ég tel nauðsynlegt að iðnaðarnefnd hugi að þessum þætti og e.t.v. kynni sér þau mál sem hér um ræðir í tengslum við umfjöllun sína um þessa þingsályktunartillögu. Byggðaáætlun hlýtur að teljast ein helsta brjóstvörn viðkvæmstu byggða landsins í því að tryggja jafnræði þegna og viðhald byggðar til framtíðar. Því er óviðunandi að markviss verndarsjónamið síðustu byggðaáætlunar í þessu efni verði skert í þeirri sem nú er til umræðu.

Ásbrú 07.11.2010

Valdimar Össurason
vegna íbúa Kollsvíkur í Vesturbyggð
s. 862 2345